

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
Frá: Axel Rodriguez Överby  
Dags. 7. janúar 2021  
Mnr. 2020110080




ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - Grjótvörnargarður út frá Norðurtanga

Á fundi bæjarráðs nr. 1132, 30. nóv. sl., var lagður fram tölvupóstur Daniels Jakobssonar og Marzellíusar Sveinbjörnssonar dags. 27. nóv. þar sem lagt var til við bæjarráð að samþykkja að Umhverfis- og eignasviði yrði falið að skoða fýsileika þess að gera grjótvörn frá Norðurtanga, sem gætu leitt til landfyllinga norðan Fjarðarstrætis.

### Sviðsmynd 1

Með hliðsjón af bókun bæjarráðs, hefur Umhverfis- og eignasvið unnið frumkostnaðaráætlun vegna 100 m garðs frá Norðurtanga og 550 metra samsíða Fjarðarstræti. Áætlað magn af sprengdu efni eru 43000 rúmmetrar í fyrirstöðugarð/sjóvarnir. Áætlaður kostnaður þ.e. efniskaup og vinna við fyrirstöðugarð, er 165.688.000 kr. Landmótun svæðis eru áætlaðir 53.000 m<sup>2</sup>



út

Sviðsmynd 1

Uppfylling miðast við að nýta það sem fellur til við uppdælingu efnis í Sundahöfn, eða um 250.000 m<sup>3</sup> þannig að sá kostnaður sem til fellur er ekki reiknaður inn í heildarkostnað.

Sé uppdælt efni ekki nýtt, má gera ráð fyrir auknum kostnaði sem nemur 200.000.000.-kr. fyrir 250.000 m<sup>3</sup> af efni í komandi framtíð.

Gróflega áætluð efnisþörf af uppdældu efni í sviðsmynd 1, er 200.000 -250.000 m<sup>3</sup>

### Sviðsmynd 2.

Í tilviki 2 er garður færður 100 m út frá Norðurtanga og 1000 m meðfram Fjarðarstræti og út í Krók, heildarkostnaður við fyrirstöðugarð í tilviki 2 er 330.000.000.-kr. landmótun svæðis er 100.000 m<sup>2</sup> áætluð efnisþörf þ.e.a.s. uppdæling efnis 400-500.000<sup>3</sup> eða um 400.000.000 kr. í áætlaðan kostnað.



Sviðsmynd 2

Í báðum tilvikum er einungis horft til mögulegs heildarkostnaðar án aðkomu ríkis, vert er þó að benda á að ríkissjóður greiðir allt að 7/8 hluta af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við sjóvarnir. Landeigendur og sveitafélög, sem hafa hag af varnaraðgerðum á landi sínu, greiða minnst 1/8 hluta með vísan í I og II mgr. 7. gr. laga um sjóvarnir nr. 28/1997

Í frumvarpi til laga nr. 28/1997 3.gr. segir eftirfarandi

„ Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til sjóvarna skulu sveitarfélög senda Siglingastofnun sem sér um gerð áætlana um sjóvarnir. Í áætlunum skal meta nauðsyn framkvæmda, með hliðsjón af hættu á sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar, og áætlaðan kostnað. Jafnframt skal leggja mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða

sem lagðar eru til á hverju svæði og gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangs röð. Þá skal koma fram umsögn um fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina“